

## **Þverflauta**

Algengast er að nemendur hefji þverflautunám 8–10 ára gamlir þó að dæmi sé um að nám hefjist fyrr. Ungum nemendum reynist oft erfitt að halda á þverflautu. Byrji nemendur mjög er nauðsynlegt að nota þverflautu með bognu munnstykki.

Mikilvægt er að nemandinn læri strax í upphafi að beita líkamanum á eðlilegan hátt og náí að halda flautunni í jafnvægi án áreynslu. Góð líkamsstaða stuðlar m.a. að opnum og óþvinguðum tóni.

Í þverflautufjölskyldunni eru fjórar flautur: piccoloflauta, c-flauta (venjuleg flauta), altflauta í g og bassaflauta í c. Enn dýpri flautur eru til en eru afar sjaldgæfar. Í framhaldsnámi er æskilegt að nemandinn fái að kynnst piccoloflautunni enda er hún mikið notuð bæði í símfóníuhljómsveitum og lúðrasveitum. Einnig getur verið gott að kynnst altflautunni en hún er einkum notuð í 20. aldar tónlist.

*(Aðalnámskrá tónlistarskóla)*

---

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum eða samspili** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).

